

Fundarboðandi: Sigurborg Daðadóttir

Fundarstaður: Fjarfundur

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir

Dagsetning: 02.12.2020

Fundarritari: Sigurjón Njarðarson

Fundartími: 13:00 – 15:00

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fagráðs), Hallgerður Hauksdóttir (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands, Sigurjón Njarðarson (Starfsmaður Fagráðs um velferð dýra), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Baldur Helgi Benjamínsson (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) og Sigríður Björnsdóttir (sérfræðimat á dýratilraunum f.h. MAST).

Dagskrá

1. Umsóknir um dýratilraunir
2. Umfjöllun um starfsreglur Fagráðs

Umræða

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna.

- a) Rannsóknir á sjúkdómum sem orsakast vegna stökkbreytinga í utangenakerfinu og rannsóknir til að skilja kuldaviðbrögð í spendýrum.
 - Fagráð veitir jákvæða umsögn.
- b) MULTI-MOUSE: Samanburður á kornuðu og heilu sáraroði í "splinted excisional" sáramódeli í músum. Fagráð óskar eftir því að Matvælastofnun afli frekari gagna frá umsækjanda. Afgreiðslu frestað á síðasta fundi og tekið fyrir aftur.
 - Fagráð veitir jákvæða umsögn
 -
- c) Hlutlæg greining (mæling) á holti í íslenska hestinum, seinni hluti.
 - Fagráð veitir jákvæða umsögn
- d) Framhaldsrannsókn tilraunabólusetningar gegn kregðu í íslensku sauðfé
 - Fagráð mælist til að Matvælastofnun skilyrði leyfi til tilraunarinnar því að stofnunin fái skýrslu um stöðu tilraunarinnar að afloknum fyrsta hluta. Fagráð mælist til þess að Matvælastofnun taki afstöðu til skýrslunnar og endurmeti leyfi til áframhalds hennar ef fram koma alvarlegar aukaverkanir af bólusetningu fjár.

2. Umfjöllun um starfsreglur Fagráðs

Hafin var vinna við endurskoðun starfsreglna Fagráðs. Meðlimir sammæltust um að gera frekari tillögur að breytingum og endurbótum á sameiginlegu skjali.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00.